

5. nóv. 2010

Alþingi
Erindi nr. F 139/129
komudagur 5 139/1290

Umhverfisnefnd Alþingis.

Hér sendist bókun sveitarstjórnar vegna frumvarps um mannvirkjalög og brunavarnir

1. Nefndarsvið Alþings. Umsögn um frumvarp til laga um mannvirki og um brunavarnir.

Oddviti lagði fram beiðni um umsögn vegna frumvarpa um mannvirki og um brunavarnir. Hreppsnefnd bendir á að í 27. gr. frumvarpsins er gert ráð það þurfi nánast undantekningarlaust að vera sér byggingastjóri fyrir hverja fasteign. Í hinum dreifðu byggðum er þetta nánast óframkvæmanlegt og til þess fallið að valda einstaklingum sem byggja venjuleg hús verulegum kostnaði. Skynsamlegt er að sami einstaklingur geti verið byggingaraðili og byggingastjóri á smærri byggingum svo sem venjulegum einbýlishúsum. Þá telur hreppsnefnd að það séu engin rök til þess að hafa sér byggingastofnun heldur eigi að vera ein byggingar- og skipulagsstofnun sem hljóti að hafa í för með sér umtalsverðan sparnað fyrir ríkið.

Kveðja
JGV

Jón G. Valgeirsson
sveitarstjóri
480-6600
jon@fludir.is